

1. fundur skólaráðs skólaárið 2025-2026 - 5. nóvember kl. 14:15

Mætt: Þorgeir Rúnar Finnsson, Hólmfríður Björnsdóttir, Sarah Skindbjerg Larsen, Stefán Hrafn Stefánsson, Ingibjörg Valdimarsdóttir og Katla Eyfjörð Þorgeirsdóttir

Sigríður Sverrisdóttir, Hákon Fannar Ellertsson og Ágúst Hrafn Guðjónsson boðuðu forföll.

Fundarstjóri: Þorgeir Rúnar Finnsson

Fundarritari: Sarah Skindbjerg Larsen.

1. Funda- og starfsáætlun ráðsins yfirfarin

Nýir fulltrúar í skólaráði boðnir velkomnir, en það eru þau Sarah Skindbjerg Larsen, fulltrúi kennara, Ingibjörg Valdimarsdóttir, fulltrúi foreldra og Katla Eyfjörð Þorgeirsdóttir og Ágúst Hrafn Guðjónsson, fulltrúar nemenda.

Funda- og starfsáætlun ráðsins yfirfarin og samþykkt samhljóða.

2. Skipulag og áherslur skólaársins

Sama upplegg og undanfarin ár. Þrír námshópar, skipt eftir stigum, kennarateymi skipuleggur og framkvæmir kennslu í samstarfi, og skiptir í minni hópa eftir því hvernig hentar hverju sinni. 80 mínútna lotur, nema 40 mínútna morgunstund, skóli frá 8:20 - 14:00 alla daga. Það er frístund frá 14:00-16:00 4 sinnum í viku (alla daga nema föstudagar) í boði fyrir 1.-4. bekk.

3 námshópar í grunninn; yngsta stig (18), miðstig (11) og unglingastig (19) - samtals 48 nemendur. Stundum öll saman en líka oft skipt, og teymiskennslan býður upp á sveigjanleika í því samhengi. Fjölbreyttar áskoranir þrátt fyrir fámennan skóla.

Valgreinar, ákváðum að hafa áfram 3 lotur. Reynum að bjóða upp á þokkalega fjölbreytni og heilt yfir ánægja hjá nemendum. Margt svipað núna og var vinsælt í fyrra, t.d. útivist, leiklist og íþróttaval og erum að reyna að bjóða meira listatengt, t.d. tónlistarval í samstarfi við tónlistarskólann og myndmennt/handmennt.

Staðan í grunninn góð varðandi starfsmannamál, en líkt og nefnt hefur verið erum við - þrátt fyrir fámennið - með nokkuð mörg börn sem hafa miklar stuðningsþarfir og þar hefur orðið mikil breyting á skömmum tíma. Þá erum við að fá inn fleiri Ísat nemendur sem kallar einnig á aukinn stuðning. Breyttum aðeins fyrirkomulaginu og erum með stuðningsteymi (iðjuþjálfari, sérkennari og skólastjóri) sem starfar þvert á skólastigin og veitir stuðning og ráðgjöf. Gengur ágætlega, en nokkuð víða kæmi meiri stuðningur sér þó vel.

3. Skóladagatal / viðburðir vetrarins

Hefðbundið skóladagatal, í takt við síðustu ár; starfsdagar, jólafrí, vorskemmtun og fleira. Ákveðið var að hafa aftur vetrarfrí í kringum öskudag.

4. Starfsáætlun 2024-2025

Áætlunin er/verður aðgengileg á heimasíðu skólans og eru þar allar helstu upplýsingar um skólann og hans starfsemi. Sem dæmi eru upplýsingar um starfsmannamál og teymiskennsluna.

5. Fjárhagsáætlun 2025 og staða áætlunar 2024

Vinna við fjárhagsáætlun næsta árs í fullum gangi. Reikna ekki með öðru en að skólinn verði áfram á svipuðu róli og geti því haldið í horfinu hvað varðar kennslustundafjölda og þvíúmlíkt. Kominn tími á talsverða endurnýjun tækjabúnaðar og húsgagna, reynt að vinna jafnt og þétt. Styrkir hafa hjálpað mikið til við tækjavæðingu á undanförunum árum og reynt að skoða slíkar leiðir áfram.

Áætlun ársins 2025 virðist ætla að ganga upp án stórvægilegra frávika. Launaliðurinn, sem er langstærsti einstaki liðurinn á áætluninni, virðist vera í þokkalegu jafnvægi þrátt fyrir miklar kjarasamningshækkanir og breytingu í starfsliðinu (stuðningsfulltrúi, iðjupjálfi o.s.frv.). Má gera ráð fyrir einhverri framúrkeyrslu þar, en líklega minna en talið var á tímabili. Aðrir liðir eru aðeins upp og niður, og verður reynt að stilla þá af eftir þörfum.

6. Framkvæmdir

Lokafrágangur á skólalóð loksins klár. Væri gaman að bæta einhverju fleiru við, t.d. aparólu eða öðru, þegar færi gefst. Komu hugmyndir um fjáröflun til að safna fyrir aparólu t.d. kaffihús.

Haldið var áfram með gluggaskipti, annar áfangi af þremur í gluggaskiptum kláraður í sumar, stefnum á að klára síðasta áfanga næsta sumar. Einnig skipt um þak á íþróttahúsi í sumar, tókst vel. Áfram nóg af verkefnum sem reynt verður að forgangsraða og fara í þegar færi gefst, s.s. áframhaldandi endurnýjun á kerfislofti/loftræstingu/lýsingu víða í húsinu, salerni starfsfólks og salerni niðri, lyfta o.fl.

7. Önnur mál

a. Skýrsla um innra mat og umbótaáætlun

Þar er farið yfir helstu þætti í innra mati skólans og lagðar fram tillögur til úrbóta. Sem fyrr er það svo aðalmálið hvernig þessar niðurstöður eru nýttar til að efla skólastarfið, og verður reynt að skoða það jafnt og þétt í vetur og ræða mögulegar úrbætur.

b. Reglur um farsíma- og snjalltækjanotkun í Grenivíkurskóla - umræður

Reglurnar eru nú búnar að vera í gildi í dagóðan tíma og ekki talin ástæða til að breyta þeim. Meira um brot á reglum á þessu skólaári miðað við í fyrra, eitthvað sem þarf að ræða við og skoða með nemendum.

c. Matsferill

Rætt var um Matsferill, sem eru samræmd stöðu- og framvindupróf í stærðfræði og lesskilningi fyrir nemendur í 4., 6. og 9. bekk, en skólar mega velja hvort þeir vilja leggja prófin fyrir fleiri árganga. Prófin verða lögð fyrir í lok mars. Við fáum nákvæmari upplýsingar um framkvæmd prófanna þegar nær dregur.

d. Stytting vinnuviku

Rætt um fyrirkomulag á styttingu vinnuvikunnar. Skólinn býður kennurum upp á ákveðinn sveigjanleika í starfi og erfitt að samræma það við vinnustyttingu en ákveðið var að stytta viðveruskyldu um 15 mín á dag 4 daga vikunnar hjá kennurum, samtals 1 klst á viku. Annað starfsfólk sem vinnur eftir kjarasamningum t.d. Einingar-löju vinnur út frá 36 klst vinnuviku.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 15:10